

**STJÓRNARFUNDUR SSNV Í HÚNAVERI
ÞRIÐJUDAGINN 11. MAÍ 2010 KL 13:00.**

Þriðjudaginn 11. mars kom stjórn SSNV saman til fundar á í Húnaveri.. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Einar Einarsson varamaður Þórdísar Friðbjörnsdóttur, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Þá sat fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

1. SSNV-atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í apríl 2010.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka verkefni.
- b. **Endurskipulagning stoðkerfisins - skipulagsbreytingar.** Boðaðar hafa verið breytingar á fyrirkomulagi framkvæmdar Vaxtasamnings sem rennur út í lok árs 2010. Í endurnýjuðum samningi er gert ráð fyrir að framkvæmd Vaxtarsamnings verði í hönum SSNV atvinnuþróunar. Framkvæmdastjóri lagði fram gögn sem taka mið af breyttu skipulagi SSNV atvinnuþróunar sem þessu fylgir. Umræður urðu um skipulag og fyrirkomulag atvinnuþróunar með tilliti til framkvæmda Vaxtarsamnings og Menningarsamnings. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram fyrir næsta fund.

2. SSNV

- a. **Ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar og SSNV málefna fatlaðra.** Lagðir fram og undirritaðir endurskoðaðir ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar og SSNV málefna fatlaðra.
- b. **Ársþing 2010 – efnistösk.** Rætt um efnistösk 18. ársþings og breytingar á samþykktum sem 17. Ársþing fól stjórn að vinna vegna aðkomu Fjallabyggðar að stjórn SSNV málefna fatlaðra. Framkvæmdastjóra falið að vinna að breytingum á samþykktum Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra í samræmi við það sem á fundinum var rætt.

3. Bréf og fundargerðir

- a. **Ársfundur Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands 17. maí 2010.** Lagt fram til kynningar.

4. Umsagnir um frumvörp

- a. **Frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma), 586. Mál.** Lögð fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambandsins.
- b. **Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2010, 582. Mál** Framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
- c. **Frumvarp til laga um stefnumótandi Byggðaáætlun 2010-2013 521,mál** Framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
- d. **Frumvarp til laga um hafnalög (innheimta aflagjalds) 525, mál.** Veitir ekki umsögn
- e. **Frumvarp til laga um skipan ferðamála (gæðamál, tryggingarfjárhæðir), 575.mál** Veitir ekki umsögn



- f. Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (heildarlög). Stjórn SSNV styður efni frumvarpsins.
- g. Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. Mál Veitir ekki umsögn.
- h. Frumvarp til laga um upprunakerfi raforku (EES-reglur), 576 mál. Veitir ekki umsögn.
- i. Frumvarp til laga um raforkulög (flutningskerfi, gjaldskrár, EES reglur ofl.) 573. Mál. Veitir ekki umsögn.
- j. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. Mál. Veitir ekki umsögn.
- k. Frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hækkun gjalds), 515. mál Veitir ekki umsögn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:00.
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.